

Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
Bnr.	K/S
Ábm.	Svfr.
Afgr.	( )Bréf ( )St.
Lvm.	Trm.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur  
Vt. Kristófer Tómasson  
Árnesi  
801 Selfoss

LANDGRÆÐSLA RÍKISINS



Gunnarsholti 26.11 2018.

**Efni: Beiðni um styrk vegna samstarfsverkefnisins „Bændur græða landið“ á árinu 2018.**


Frá árinu 1990 hefur Landgræðsla ríkisins verið í samstarfi við fjölmarga bændur um uppgræðslu á gróðursnaudum svæðum á heimalöndum þeirra í verkefninu „Bændur græða landi“ (BGL). Samstarfið felst í að Landgræðslan styrkir þátttakendur til áburðarkaupa, leggur til fræ og veitir faglega ráðgjöf við uppgræðslu landsins en landeigendur sjá um allar verklegar framkvæmdir vegna þessa. Ávinningur samstarfsins er margþættur. Fyrst má nefna að bændur hafa stöðvað gróður- og jarðvegsrof á þúsundum hektara lands undir merkjum verkefnisins og vistkerfi þessara röskuðu svæða að sama skapi verið byggð upp á ný. Þannig hefur verkefnið breytt ásýnd heilu sveitanna til hins betra, bætt beitarnýtingu úthaga, stuðlað að aukinni gróðurvernd og byggt upp öflugt tengslanet milli bænda og Landgræðslunnar.

Í Skeiða- og Gnúpverjahreppi voru 5 þátttakendur í verkefninu árið 2018. Þeir báru á 5,6 tonn af áburði á um 30 ha lands. Framlag Landgræðslu ríkisins til áburðarkaupa í sveitarfélaginu var á árinu 2018 kr 260.400,- Landgræðslan telur þetta samstarfsverkefni eitt af sínum mikilvægari verkefnum og leitar því fjárstuðnings Skeiða- og Gnúpverjahrepps við það. Stuðningur sveitarfélaga við verkefnið er mjög mikilvægur þar sem hann styrkir viðgang þess og eykur líkur á aðkomu fleiri bænda og annarra landeiganda að landbótum. Undanfarin ár hafa mörg sveitarfélög í landinu lagt verkefninu lið með fjárframlögum.

Landgræðslan fer þess vinsamlega á leit við Skeiða- og Gnúpverjahrepp að BGL verkefni ársins 2018, hljóti fjárstuðning. Óskað er eftir 6.000,- kr. framlagi á hvern þátttakanda í sveitarfélaginu, alls **30.000,- kr.**

Ef frekari gagna um verkefni Landgræðslunnar á svæðinu er óskað, þá vinsamlegast hafið samband við neðangreindan héraðsfulltrúa.

Virðingarfyllst,  
f. h. Landgræðslu ríkisins

  
Garðar Þorfinnsson  
héraðsfulltrúi